


Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 1986

XI

Bátlaga steinhleðsla í Mosfellsbæ

Guðmundur Ólafsson



Reykjavík 2008



Yfirlitsmynd av svæðinu. Horft til suðurs yfir steinhleðsluna. Könnunarskurður hefur verið grafinn þvert yfir mannvirkið og ferhýrnt svæði í kring um það hreinsað fram (GÓL-2008-8-31).

© Guðmundur Ólafsson/Þjóðminjasafn Íslands.
Fyrsta útgáfa 2004.
Önnur útgáfa 2006
Þriðja útgáfa 2008


Mynd á forsíðu er hreinteikning af uppmælingu sem Guðmundur gerði 11. ágúst 1986.

Ljósmyndirnar í skýrslunni voru teknar 4. september 2008.

Bátlaga steinhleðsla í Mosfellsbæ

Þann 11. ágúst hafði Sigurlaug Sæmundsdóttir samband við Guðmund Ólafsson á Þjóðminjasafni og sagði honum frá því að hún hefði fundið skipslaga grjóthleðslu í sumarbústaðalandi sínu í landi Minna- Mosfells í Mosfellsbæ. Kvaðst hún hafa rekist á þessar hleðslur fyrst fyrir um 8 árum. Fór Guðmundur með Sigurlaugu á staðinn síðar sama dag þar sem hann skoðaði aðstæður og mældi mannvirkið upp.

Steinhleðslan er á uppblásnum mel um 500 – 600 m austur af bænum á Minna-Mosfelli, og um 300 - 400 m norður af Laxnesi.



Lausleg uppmæling á steinaröðinni. Fimm metrar eru milli mælipunktanna sem sjást eftir miðju endilöngu mannvirkinu. GÓL.

Þetta er mjög óvenjulegt mannvirki. Við fyrstu sýn minnir það mikið á svonefndar skipssætningar, þ.e. steina sem eru oftast reistir upp á rönd með ákveðnu millibili og eru skipslaga í útliti. Slíkar minjar eru þekktar t.d. í Svíþjóð og á meginlandi Norður Evrópu frá víkingaöld og næstu öldum þar á undan.

Steinaröðin er 30,4 m að lengd og 9,5 m breið þar sem hún er breiðust. Hún liggur sem næst í austur – vestur. Við uppmælinu á staðnum var lagt út málband eftir endilangri steinaröðinni og hver steinn mældur inn á teikningu út frá henni í mælikvarða 1:200.

Mannvirkið er einföld röð steina sem lagðir eru nokkuð reglulega með 50 – 100 cm millibili, þannig að þeir mynda, að því er virðist, útlínur báts. Þvermál flestra steinanna er um 25 – 40 cm, en stærstu steinarnir eru um 50 cm og þeir minnstu um 15 cm í þvermál.

Steinaröðin byrjar í mjóum oddi í vesturenda og breiðkar til beggja hliða til austurs á um 20 m löngum kafla. Þá fara þeir að dragast aftur að sér og enda austast í bogadreginni línu.

Það er þessi bogadregni endi sem er óvenjulegur þegar um svona skipslaga steinaraðir er að ræða. Ef um forna skipslaga hleðslu hefði verið að ræða, hefði hún að öllum líkindum haft útlit skipa frá víkingaöld og endað í hvössum oddi við báða enda. Hinn bogadregni skutur vekur grunsemdir um að ekki sé um að ræða skipslaga mannvirki frá víkingaöld. Reyndar er ekki víst að steinaröðin eigi að tákna skip, heldur eitthvað annað.


Innan steinaraðarinnar eru nokkrir stórir steinar á stangli, en þeir virðast vera þar náttúrulegir, en ekki aðfluttir. Ekki var heldur hægt að greina að nein merki þess að innan steinaraðarinnar hefði verið grafið, eða hróflað við jarðvegi á nokkurn hátt. Yfirborðið virtist vera algerlega óhreyft. Þess vegna verður að telja ólíklegt að þarna hafi t.d. verið kuml eða bátgröf.

Nokkrum steinum var lyft upp og gáð undir þá. Undir þeim reyndist vera visinn mosi, og þótti það benda til þess að mannvirkið væri ekki mjög gamalt.

Steinarnir lágu á jökulruðningi á uppblásnum mel. Sumir steinarnir voru sokknir til hálfis í jarðveginn en aðrir lágu nánast á yfirborði. Ofar í hlíðinni eru víða grónar torfur þar sem sést að ofan á jökulruðningnum hefur einhvern tíma verið gróðurlag, hugsanlega 50 – 100 cm þykkt. Líklegt er því að landið hafi allt verið gróið á þessu svæði á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Ef sú er raunin hefur steinaröðin upphaflega staðið mun hærra, ofan á gróðurlaginu, hafi hún verið búin til á þeim tíma. Þegar landið blés upp er ólíklegt að steinaröðin hafi getað sigið jafnt niður á jökulruðninginn án þess að riðlast meira en raun ber vitni. Þykir höfundur þetta benda til þess að hún hafi verið lögð þarna eftir að landið hafði blásið upp og melurinn orðinn örfoka, og geti því vart verið frá söguöld.

Niðurstaða

Ekki er mikið meira hægt að segja um þetta mannvirki að svo stöddu. Það er mjög óvenjulegt og hefur ekki annað slíkt fundist hér landi, svo vitað sé. Í fyrstu virtist sem að þarna væri fundin forn skipsmynd úr steinum, svipuð og þekkt er í útlöndum, Ýmislegt varð þó til þess vekja grun um að sú væri ekki raunin. Niðurstaða ofangreindrar könnunar var því sú að lögun mannvirkisins benti ekki til þess að um forna hleðslu væri að ræða. Mosaleifar sem sáust undir steinum og heilleg staðsetning á ísaldaruðningi bentu enn fremur til þess að hún væri ekki mjög gömul. Enginn vottur um rask sást innan steinraðanna. Flest virðist því benda til að steinaröðin hafi verið búin til þarna á melnum af einhverjum óþekktum hleðslumanni/mönnum á 20. öld. Tilgangur hleðslunnar er óþekktur og engar heimildir eru þekktar um hana frá fyrri tíð.



Horft til suðurs eftir steinsetningu. Könnunarskurður hefur verið grafinn þvert yfir mannvirkið, sumarið 2008 (GÓL-2008-8-30).



Horft til norðurs innan úr steinsetningu (GÓL-2008-8-32).